

# Reglur nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs

## 1. gr.

Ríkisstofnunum í A-hluta er heimilt að halda reikninga í bönkum og sparisjóðum til að sinna daglegum greiðslum, sbr. takmarkanir í 2. gr. Fjármálaráðherra getur ákveðið að stofnanir með mikil fjárhagsleg umsvif haldi alla sína viðskiptareikninga í Seðlabanka Íslands.

Ríkisstofnunum er ekki heimilt að fjármagna rekstur sinn með yfirdrætti á bankareikningi.

## 2. gr.

Ríkisstofnanir sem hafa reikning í banka eða sparisjóði skulu endurgreiða til ríkissjóðs fyrir lok hvers mánaðar það fé er fer umfram 2% af heildarrekstrarfé ársins. Fjármálaráðherra getur þó sett önnur viðmiðunarmörk en hér greinir gagnvart einstökum stofnunum.

## 3. gr.

Ríkisstofnanir hafa heimild til að nýta sér greiðslufrest í allt að 90 daga vegna kaupa á vöru og þjónustu, enda séu kaupin innan marka fjárheimilda.

## 4. gr.

Ríkisstofnunin er heimilt að veita greiðslufrest vegna sölu á vöru og þjónustu. Sá greiðslufrestur skal að jafnaði vera 30 dagar og aldrei lengri en 90 dagar. Reikna skal dráttarvexti ef greiðsla hefur ekki borist á eindaga.

## 5. gr.

Leita ber skriflegrar heimilda fjármálaráðuneytis og viðkomandi ráðuneytis fyrir öllum skuldbindingum til lengri tíma en 90 daga. Allar skuldbindingar með lengri greiðslufrest en 90 daga ber að setja upp með formlegum hætti.

## 6. gr.

Ríkisstofnunum er óheimilt að skuldbinda ríkissjóð með samningum um kaupleigu eða fjármögnunarleigu án þess að fyrir liggi heimild í lögum eða samþykki fjármálaráðuneytis og viðkomandi ráðuneytis.

## 7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 32. og 39. gr. [laga nr. 88/1997](#), um fjárreiður ríkisins og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 2000*

---